

6. fundur skólanefndar kjörtímbilið 2018-2022 vegna Undralands haldinn miðvikudaginn 8. maí 2019 kl. 14.00.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð og Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir). Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs. Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks, boðaði forföll, í hennar stað mætti Valdís Magnúsdóttir.

#### FUNDARSTAÐUR: UNDRALAND

#### DAGSKRÁ:

1. Starfsmannakönnun 2019
2. Skóladagatal 2019-2020
3. Dvalarsamningur Undralands
4. Starfsmannamál
5. Gátlisti, 2. og 3. töluliðir er varða árskýrslu og starfsmannahald.
6. Mál frá síðasta fundi
  - a. Mötuneytismál – samráð við gerð matseðla og tengsl við heilsueflandi samfélag
7. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemduum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrár.

#### 1. Starfsmannakönnun 2019

Leikskólastjóri fór yfir helstu niðurstöður starfsmannakönnunar sem framkvæmd var af Skólapúlsinum. Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 1. febrúar til 1. mars 2019. Fjöldi þátttakenda var 20 og svöruðu 19 könnuninni.

Niðurstöður hennar er mjög jákvæðar fyrir Undraland og fagnar skólanefnd því.

Könnunin og niðurstöður hennar verða aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

#### 2. Skóladagatal 2019-2020

Leikskólastjóri fór yfir drög að skóladagatali Undralands fyrir 2019-2020. Á síðasta fundi nefndarinnar var ákveðið að skoða frekari samræmingu dagatalsins við dagatal Flúðaskóla.

Búið er að samræma two starfsdaga við dagatal Flúðaskóla, 8. apríl og 12. nóvember, frá því sem áður var. Þannig eru þrír starfsdagar af fimm orðnir samræmdir við frídaga/starfsdaga í Flúðaskóla.

Undir þessum lið var einnig rætt um orlofsrétt starfsfólks, sem er allt frá 24 virkum dögum upp í 30 daga, eftir aldri viðkomandi starfsmanna. Leikskólastjóri lagði fram samantekt yfir orlofsrétt starfsmanna (ónafngreint).

Leikskólinn verður lokaður á Þorláksmessu og á milli jóla og nýárs, en þess í stað lengur opinn að sumri.

Skólanefnd samþykkir dagatal Undralands fyrir skólaárið 2019-2020, með ofangreindum breytingum.

V.m

HBK

FS

SJ

FBB

JK

Leikskólastjóri ítrekaði þá ósk sína að samráð sé haft við leikskólann þegar vinna við gerð skóladagatals Flúðaskóla stendur yfir. Skólanefnd tekur undir ósk leikskólastjóra.

### 3. Dvalarsamningur Undralands

Leikskólastjóri fór yfir nágildandi dvalarsamning. Komið hefur fram athugasemd um að misræmi sé á milli leikskólans og Flúðaskóla um fjölda þeirra virku daga (samfelldra) sem barn/börn eru fjarverandi gagnvart niðurfellingu á mótneytiskostnaði.

Samþykkt að dagafjöldinn verði óbreyttur, 5 samfelldir virkir dagar og gildi einnig ef um veikindi er að ræða.

Bætt hefur verið við ákvæði um þagnarskyldu foreldra og myndatökur innan leikskólans.

Skólanefnd samþykkir áorðnar breytingar og felur leikskólastjóra að uppfæra samninginn á heimasíðu leikskólans.

### 4. Starfsmannamál

Leikskólastjóri fór yfir málið.

Í máli leikskólastjóra kom fram sá vilji að stöðu aðstoðarleiksskólastjóra verði komið á laggirnar að nýju. Fyrir því séu m.a. þau rök að samkvæmt kjarasamningi er gert ráð fyrir að við leikskóla með fleiri en 33 börn sé starfandi aðstoðarleiksskólastjóri. Aðstoðarleiksskólastjóri myndi sinna kennslu á deildum þegar deildarstjórar eru í undirbúningi að staðan yrði allt að 80% staða.

Málið rætt. Skólanefnd fellst ekki á að staðan verði sett á laggirnar að svo stöddu, enda bendi allt til þess, sbr. niðurstöður könnunar á meðal starfsfólks, að vinnuálag sé hæfilegt, starfsfólk nái að sinna verkefnum sínum og að fjöldi barna á hvert stöðugildi sé undir meðaltali fyrir landið.

Einnig er mikilvægt að halda niðri frekari kostnaðaraukningu í rekstri leikskólans þar sem fyrir liggur að hann verði þegar upp er staðið, gjaldfrjáls, án þess þó að slíkt komi niður á faglegu starfi hans.

### 5. Gátlisti, 2. og 3. töluliðir er varða ársskýrslu og starfsmannahald.

Varðandi tölulið nr. 2 upplýsti leikskólastjóri að ársskýrslu hefur ekki verið skilað, en starfsáætlun og námsskrá er skilað árlega þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar koma fram.

Leikskólastjóri upplýsti að skilyrði 3. töluliðar eru uppfyllt.

### 6. Mál frá síðasta fundi.

#### a. Mötuneytismál – samráð við gerð matseðla og heilsueflandi samfélag

Ljóst er að nýr mátráður hefur störf í mótneyti Flúðaskóla fyrir næsta skólaár. Í starfslýsingu matráðs hefur verið bætt við samráði við leikskólann og því er gert ráð fyrir að fundað verði með leikskólanum varðandi matseðilinn á næstunni.

V.M.

HBLX

J.E.

F5

Ø

FBB

**9. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi**

a) Gátlisti, töluliðir nr. 4 og 5. Samþykkt að taka þá fyrir á næsta fundi.

Næsti fundur er ráðgerður að loknu sumarleyfi leikskólans.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 15.30.

*Ólafur Eiði*  
*Bjarni Þorsteinsson*  
*Hannar Ólafsdóttir*  
*Jón Guðnason*  
*Íngi Þorsteinn Þorsteinsson*  
*Valdís Magnúsa*  
*Fridur Sømundsdóttir*